# ÁRSSKÝRSLA 2019

AMNESTY INTERNATIONAL

# AMNESTY INTERNATIONAL STENDUR VÖRÐ UM MANNRÉTTINDI, RÉTTLÆTI, FRELSI OG REISN

Amnesty International er alþjóðleg mannréttindahreyfing rúmlega sjö milljóna einstaklinga í meira en 150 löndum.

Félögum misbýður þau mannréttindabrot sem eiga sér stað um heim allan en sameinast í von um betri heim þar sem sérhver einstaklingur nýtur mannréttinda sinna.

Hreyfingin leitar hvorki eftir né tekur við fjármagni til mannréttindarannsókna frá ríkisstjórnum eða stjórnmálaflokkum og þannig er starf Amnesty International óháð trúarbrögðum, hagsmunum fyrirtækja og stjórnmálastefnum. Amnesty International treystir eingöngu á frjáls framlög frá einstaklingum eins og þér til þess að tryggja hlutleysi hreyfingarinnar.

Í krafti alþjóðlegrar samstöðu vinnur hreyfingin að því að vernda fólk hvar sem er í heiminum, þar sem brotið er á mannréttindum, réttlæti, frelsi eða reisn. Starf samtakanna skilar raunverulegum árangri en á hverju ári fær fjöldi einstaklinga lausn sinna mála vegna þrýstings frá þúsundum aðgerðasinna. Lögum ríkja og hátterni yfirvalda hefur einnig verið breytt fyrir tilstuðlan starfs Amnesty International.

Amnesty International nýtur trausts samfélagsins og leita yfirvöld til samtakanna eftir áliti og athugasemdum við frumvörp til laga og tillögur til þingsályktunar sem deildin veitir fúslega þegar við á.

## ÞÁTTTAKA ÞÍN BJARGAR MANNSLÍFUM!

Allt starf Amnesty International er fjármagnað og knúið áfram af einstaklingum eins og þér!
Hvert framlag – hver aðgerð vegur þungt.

**Íslandsdeild Amnesty International þakkar félögum fyrir ómetanlegan stuðning á árinu 2019**

# ÁRSSKÝRSLA ÍSLANDSDEILDAR AMNESTY INTERNATIONAL 2019


Amnesty International stendur vörð um mannréttindi, réttlæti, frelsi og reisn ..... 2

Þátttaka þín bjargar mannslífum! ..... 2

Ársskýrsla Íslandsdeildar Amnesty International 2019 3

Frá stjórnarformanni ..... 4

Fólkið á bak við starfið ..... 5

Verkefni 2018–2020 ..... 6

Aðgerðastarf ..... 10

Ungliðastarf ..... 11

Mannréttindafræðsla ..... 12

Lifandi bókasafn ..... 12

Fjölmiðlar og samskipti ..... 13

Fjáröflun ..... 14

Helstu tekjur og gjöld ..... 15

# STÆRRI OG AFDRÁTTARLAUSARI HREYFING, FYRIR OKKUR ÖLL

*„A bigger, bolder, more inclusive movement“* er kjörorð nýrrar framtíðarsýnar Amnesty International á heimsvísu. Mikilvægi þess að vinna að stærri og afdráttarlausari hreyfingu fyrir okkur öll er ljóst, sérstaklega á tímum heimsfaraldurs og atlögu stjórnvalda víða um heim gegn mannréttindum en einnig á tímum vaxandi samstöðuhreyfinga og baráttu gegn kerfisbundnu óréttlæti.

Síðastliðið ár var markað af röddum ungra aðgerðasinna um allan heim sem misbauð misrétti og aðgerðaleysi af hálfu valdhafa, bæði stjórnvalda og stórfyrirtækja. Árið 2019 var víða nefnt ár mótmæla og var ungt fólk driffjöðrin í þeim, ekki síst á sviði loftslagsmála. Amnesty tók skýra afstöðu með mótmælendum og hlaut Greta Thunberg ásamt hreyfingu loftslagsverkfalla skólabarna heiðursviðurkenningu Amnesty International *Sendifulltrúi samviskunnar* fyrir framlag sitt til mannréttinda enda er mannréttindabaráttan óaðskiljanleg baráttunni gegn hamfarahlýnun. Ungir aðgerðasinnar á Íslandi hafa ekki síður lagt sitt á vogarskálarnar og veitti Íslandsdeild Amnesty International viðurkenningu fyrir forystu í baráttunni hér á landi til fjögurra samtaka: Landssamtaka íslenskra stúdenta, Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Sambands íslenskra framhaldsskólanema og Ungra umhverfissinna. Við getum einnig verið stolt af framlagi ungliða Amnesty.

Heimsfaraldurinn sem hefur geisað undanfarna mánuði hefur varpað nýju ljósi á og ýtt enn frekar undir ójöfnuð og óréttlæti. Þá hafa stjórnvöld víða um heim einnig nýtt sér aðstæður til að brjóta á réttindum borgara sinna í nafni þjóðaröryggis. Mótmælin í kjölfar morðsins á George Floyd voru þar að auki löngu þörf vitundarvakning um kerfisbundið kynþáttamisrétti sem viðgengst enn bæði hér á landi og á heimsvísu. Við sem hreyfing verðum einnig að líta í eigin barm og tryggja að vettvangur Amnesty International standi öllu fólki opinn, óháð kynþætti, þjóðerni, kynferði, kynhneigð, kynvitund, fötlun, efnahag og öðrum þáttum sem hafa verið, og eru enn, notaðir til að útiloka og kæfa raddir einstaklinga.

Um þessar mundir er í vinnslu ný stefna Amnesty International sem kveður á um áherslur næstu átta ára. Stefnan er byggð á tillögum frá félögum og stuðningsaðilum samtakanna, þar á meðal niðurstöðum könnunar sem var lögð fyrir félaga deilda Amnesty International um allan heim árið 2019. Stefnan leggur ríka áherslu á órjúfanleg tengsl mannréttinda, loftslagsmála og ójöfnuðar. Mannréttindabarátta getur ekki átt sér stað án þess að taka á ójöfnuði, kynþáttamisrétti og loftlagsvá.

Um þessar mundir hafa valdhafar um allan heim notfært sér ástandið til að skerða mannréttindi. Svarið við þessari aðför er stærri og afdráttarlausari hreyfing sem þrífst á fjölbreytileika innan hennar. Það er undir okkur komið að taka afstöðu hvert með öðru.

Björg María Oddsdóttir formaður Íslandsdeildar Amnesty International

**GÓÐAR FRÉTTIR:**

## AFTÖKUR STÖÐVAÐAR Í SRI LANKA

**Amnesty International náði þeim árangri á árinu að stöðva tímabundið fyrstu aftökur í Sri Lanka í 43 ár með fjölmiðlaathygli, stuðningi við mótmæli og þrýstingi á stjórnvöld. Enn hafa aftökur ekki átt sér stað. Netákallsfélagar voru á meðal þeirra sem kölluðu eftir stöðvun á aftökum.**

# FÓLKIÐ Á BAK VIÐ STARFIÐ

**Íslandsdeildin er ein af fjölmörgum landsdeildum Amnesty International en samtökin eru starfrækt í meira en 70 löndum. Starfsemi Íslandsdeildarinnar væri ekkert án fólksins en þar sitja nú sex manns í stjórn, fimm ungmenni sitja í stjórn ungliðahreyfingarinnar og eru sjö stöðugildi á skrifstofu deildarinnar allt árið um kring.**

## STJÓRN ÍSLANDSDEILDARINNAR 2019–2020

**Formaður**
Björg María Oddsdóttir

**Varaformaður/sitjandi formaður**
Magnús Davíð Norðdahl

**Ritari**
Þórhildur Elísabet Þórsdóttir

**Gjaldkeri**
Rakel Haraldsdóttir

**Meðstjórnandi**
Ómar Valdimarsson lét af stjórnarstörfum á tímabilinu

**Varamaður**
Ólöf Salmon Guðmundsdóttir

## STJÓRN UNGLIÐA

**Formaður**
Hertha Kristín Benjamínsdóttir

**Varaformaður/gjaldkeri**
Snædís Lilja Káradóttir

**Ritari**
Ragnhildur Björt Björnsdóttir

**Meðstjórnendur**
Sindri Bjarkason
Lúkas Nói Ólafsson

## STARFSFÓLK ÁRIÐ 2019

**Framkvæmdastjóri**
Anna Lúðvíksdóttir

**Fjáröflunarstjóri**
Rúna Friðriksdóttir
Sonja Huld Guðjónsdóttir í fæðingarorlofi

**Herferðastjóri**
Bryndís Bjarnadóttir

**Ungliða- og aðgerðastýra**
Hera Sigurðardóttir

**Fræðslustjóri**
Vala Ósk Bergsveinsdóttir

**Rekstrarfulltrúi**
Anna Dóra Valsdóttir

**Lögfræðingur**
Birna Guðmundsdóttir

**Bókari**
Margrét Helga Ólafsdóttir lét af störfum í júlí
Bryndís Björk Karlsdóttir tók við störfum í júní



# VERKEFNI 2018–2020

Íslandsdeildin hélt áfram vinnu við þrjú megin verkefni árið 2019. Annars vegar verkefni tengdu réttindum trans og intersex fólks og hins vegar tveimur verkefnum er snúa að málefnum flóttafólks. Þá var herferðin *Þitt nafn bjargar lífi* á sínum stað líkt og fyrri ár.

## ÁFANGASIGUR Í MÁLEFNUM TRANS FÓLKS Á ÍSLANDI

Íslandsdeild Amnesty International fagnaði löngu tímabærum lögum um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 sem samþykkt voru á Alþingi í júní 2019. Lögin eru gríðarlega mikilvægt skref í þá átt að koma Íslandi í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks og að tryggja rétt þess bæði í lögum og framkvæmd.

Íslandsdeild Amnesty International fagnaði sömuleiðis samvinnunni sem hún átti við hagsmunahópa á árinu 2019, sem og þeim tækifærum sem gáfust til að eiga samtal við íslensk stjórnvöld. Hátt í 7000 einstaklingar skrifuðu undir ákall deildarinnar um verndun mannréttinda intersex barna á Íslandi og var þeim undirskriftum komið til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis sem hafði frumvarp um kynrænt sjálfræði til umfjöllunar.

Lögin um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 afnema úreltar kröfur um lagalega kynskráningu og tryggja kynrænt sjálfræði fyrir trans fólk þar sem horfið hefur verið frá því að krefjast geðgreiningar á svokölluðum „kynáttunarvanda“ og leyfi frá teymi innan Landspítalans til að breyta kyni sínu og nafni í Þjóðskrá. Hér er um mikla réttarbót fyrir trans einstaklinga á Íslandi.

Lögunum er ætlað að standa vörð um rétt einstaklinga til líkamlegrar friðhelgi en Íslandsdeild Amnesty International harmar að skrefið hafi ekki verið stigið til fulls þar sem í lögunum er ekki að finna ákvæði sem kemur í veg fyrir ónauðsynlegar, óafturkræfar og inngripsmiklar aðgerðar á börnum sem fæðast með ódæmigerð líffræðileg kyneinkenni. Þar til að löggjafinn verndar þessi börn gegn ónauðsynlegum og óafturkræfum læknainngripum kunna þau að sæta mismunun þar sem þau eru látin gangast undir skurðaðagerðir eða hormónameðferðir í þeim tilgangi að normalísera líkama þeirra. Læknainngrip eiga ekki að eiga sér stað á intersex börnum nema brýn heilsufarsleg nauðsyn liggi til grundvallar.

Þá tiltaka lögin ekki skýrt mannréttindamiðað verklag og þverfaglega nálgun í heilbrigðisþjónustu fyrir intersex fólk sem brýn þörf er á né tryggja þau tilhlýðilegan sálfélagslegan stuðning við intersex einstaklinga og fjölskyldur þeirra.

## STARFSHÓPUR VINNUR AÐ RÉTTARBÓT INTERSEX BARNA

Í lögunum er bráðabirgðaákvæði sem gerir ráð fyrir skipan starfshóps sem ætlað er að koma með tillögur að nýrri löggjöf í þágu intersex barna. Starfshópnum, sem skipaður er af forsætisráðuneytinu, er ætlað að fjalla um málefni barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni, þar á meðal um heilbrigðisþjónustu við þau, og gera tillögur um úrbætur. Jafnframt skal hópurinn semja frumvarp til laga um breytingar á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, sem feli í sér að bætt verði við lögin ákvæði sem fjallar um breytingar á kyneinkennum barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili tillögum sínum innan árs frá skipan hans. Skipan starfshópsins dróst töluvert og var fyrsti fundurinn ekki haldin fyrr en í september. Íslandsdeildin sendi því

Anna Lúðvíksdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International, afhendir Páli Magnússyni undirskriftir.

Valgerður Hirst Baldurs (lifandi bók) segir gestum (lesendum lifandi bókasafns) sögu sína.

fyrirspurn á Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, sem bar ábyrgð á skipan starfshópsins og óskaði eftir upplýsingum um stöðu hópsins. Íslandsdeildin fagnar að tveir einstaklingar úr hópi Samtakanna '78 og Intersex Ísland sitja í starfshópnum, auk siðfræðings og kynjafræðings sem deildin bindur miklar vonir við að nái að tryggja raunverulega mannréttindavernd fyrir intersex börn í lögum.

Íslandsdeild Amnesty International mun halda áfram að þrýsta á stjórnvöld til að krefjast þess að börn sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni njóti mannréttinda og að borin sé full virðing fyrir líkamlegri friðhelgi þeirra og sjálfsákvörðunarrétti.

## BAKHJARLAR FLÓTTAFÓLKS

Hugsjón Amnesty International í verkefninu er að fleiri ríki skuldbindi sig til að vernda flóttafólk með raunverulegri deilingu ábyrgðar.

*Bakhjarlar flóttafólks* (e. Community sponsorship) felur í sér að almennir borgarar, hópar eða samfélög bjóðast til að gerast fjárhagslegir bakhjarlar og stuðningsaðilar flóttafólks í eigin landi í eitt til tvö ár eftir komu þess til landsins. Flóttafólkið hefur þá flest verið skrásett í flóttamannabúðum Sameinuðu þjóðanna og fengið viðurkennda stöðu sem slíkt. Í stað þess að ríkið haldi alfarið utan um endurbúsetu flóttafólksins í þriðja landi koma sjálfboðaliðar, einkaaðilar eða samtök, að ferlinu með því að leggja fram fjárhagsaðstoð og annars konar aðstoð við að auðvelda móttöku og aðlögun flóttafólksins að samfélaginu. *Bakhjarlar flóttafólks* leysir þó aldrei ábyrgð stjórnvalda af hólmi.

## MEGINÁHERSLUR 2019

Við athugun á því hvort íslenskt samfélag sé í stakk búið til að taka upp nýjar móttökuleiðir fyrir flóttafólk er ljóst að af mörgu er að taka. Íslandsdeild Amnesty International fékk því Bjarneyju Friðriksdóttur sérfræðing í málefnum flóttafólks og rannsakanda til að vinna fýsileikakönnun um *Bakhjarla flóttafólks* á Íslandi þar sem pólitískt, félagslegt og lagalegt landslag var kannað. Birna Guðmundsdóttir verkefnastjóri *Bakhjarla flóttafólks* aðstoðaði Bjarneyju við þann hluta skýrslunnar sem laut að lagalegum hliðum málsins.

Í febrúar hélt Anna Lúðvíksdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International til Brussel á fundaröð á vegum GRSI sem bar yfirskriftina *Strengthening the Foundation for Community-based Refugee Sponsorship in Europe.* GRSI er sameiginlegt framtak ríkisstjórnar Kanada, Flóttamannastofnunar SÞ og háskólans í Ottawa, auk annarra, sem vinna að því að fleiri lönd í heiminum taki upp umrædda leið til að taka á móti flóttamönnum. Fjöldi félagasamtaka og stjórnvalda voru á fundaröðinni þar sem kannaðar voru sameiginlega leiðir til að styrkja grunninn fyrir því að hægt væri að taka upp umrædda móttökuleið víðsvegar um Evrópu.

Í september síðastliðinn héldu framkvæmdastjóri og verkefnastjóri síðan til London á málstofu um *Bakhjarla flóttafólks* sem skipulögð var af aðalsskrifstofu Amnesty International en þó nokkrar landsdeildir Amnesty International vinna í því að lönd þeirra taki upp umrædda móttökuleið. Í nóvember hélt Birna einnig á ráðstefnu í Cork á Írlandi sem skipulögð var af GRSI þar sem stjórnvöld, félagasamtök og einkaaðilar hittust og deildu reynslu sinni af framtakinu og því ferli að taka upp umræddu leið.

## GAGNKVÆM AÐLÖGUN ALLS FLÓTTAFÓLKS Á ÍSLANDI

Hugsjón Amnesty International í verkefninu er að farsæl gagnkvæm aðlögun flóttafólks á Íslandi sé tryggð. Markmið verkefnisins eru:

- Að tryggja réttláta og jafna gagnkvæma aðlögun alls flóttafólks
- Að valdefla rétthafa til að tryggja farsæla gagnkvæma aðlögun
- Að efla vitundarvakningu um réttindi flóttafólks og jákvæða orðræðu í skólasamfélaginu og á meðal almennings

## MEGINÁHERSLUR 2019

Íslandsdeild Amnesty International hélt áfram að veita stjórnvöldum aðhald á árinu vegna framkvæmdaáætlunar Félagsmálaráðuneytisins um samræmda móttöku flóttafólks þar sem unnið er að því að allt flóttafólk fái sömu

Kringlugestur prófar gagnvirka ljósainnsetningu í Kringlunni.

þjónustu og aðstoð. Vinna ráðuneytisins hófst á árinu og var Fjölmenningarsetri falið að útfæra, framfylgja og innleiða áætlunina. Íslandsdeildin ítrekaði áskorun á stjórnvöld að tryggja mannréttindi þeirra einstaklinga sem flúið hafa til Íslands og fengið hér alþjóðlega vernd auk þess sem fundað var með verkefnastjóra flóttamannamála og verkefnastjóra þróunarverkefna hjá Fjölmenningarsetri og farið yfir mikilvægi þess að réttindi þessa viðkvæma hóps séu virt og vernduð í hvívetna.

Á árinu fór af stað samvinnuverkefni Íslandsdeildar Amnesty International og Mannréttindaskrifstofu Íslands er snýr að valdeflingu rétthafa í þekkingu á réttindum sínum og færni til tilkalls þeirra. Verkefnið felst í framleiðslu upplýsingamyndbanda um réttindi flóttafólks. Í undirbúningi eru þrjú myndbönd sem beina sjónum að *frelsi frá mismunun, réttindum á vinnumarkaði* og *réttindum barna*. Myndböndin eru unnin í samvinnu við stafrænu auglýsingastofuna KIWI. Hugmyndavinnu lauk á árinu og er stefnt að því að myndböndin verði tilbúin til dreifingar árið 2020.

Kynningar Íslandsdeildarinnar ákennsluefni um réttindi flóttafólks héldu áfram í grunn- og framhaldsskólum landsins sem og frekari möguleikar til fræðslu um þennan málaflokk voru skoðaðir. Áhugi á málefnum flóttafólks hefur aukist mikið undanfarin misseri. Deildin var einnig í samskiptum

Kátt á hjalla í Pennanum Eymundsson á Akureyri þrátt fyrir alvarlegan undirtón.

við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar á árinu um þróun mögulegrar fræðslu um málefni flóttafólks fyrir nemendur, forráðamenn og starfsfólk í grunnskólum Reykjavíkur. Það verkefni er enn á vinnslustigi.

## ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI

Árangur í árlegri herferð Amnesty International *Þitt nafn bjargar lífi* fór fram úr björtustu vonum Íslandsdeildarinnar árið 2019 en þá voru tekin fyrir tíu mál ungmenna frá Egyptalandi, Filippseyjum, Grikklandi, Hvíta-Rússlandi, Íran, Kanada, Kína, Mexíkó, Nígeríu og Suður-Súdan. Öll ungmennin sættu svívirðilegum mannréttindabrotum, allt frá lögregluofbeldi til dauðarefsingar.

Alls safnaðist **86.886** undirskrift á aðgerðakort, í sms-aðgerðaneti, netákalli og á vefsíðu herferðarinnar, auk þess sem nokkur hundruð skrifuðu stuðningskveðjur til þolendanna og fjölskyldna þeirra. Vefsíða herferðarinnar skilaði samtals **68.781** undirskrift sem var **98%** af settu markmiði deildarinnar að þessu sinni og langbesti árangur nokkru sinni.

## VIÐBURÐIR

Fjöldi fólks lagði leið sína í Hörpu í lok nóvember til að ljá mannréttindabaráttunni nafn sitt þegar herferðinni var ýtt úr vör með tilkomumikilli, gagnvirkri ljósainnsetningu. Gestum gafst kostur á að taka þátt í ljósainnsetningunni með því að skrifa undir málin tíu á spjaldtölvu á staðnum, stíga inn í aðstæður þolenda mannréttindabrota og stöðva brotin á táknrænan hátt með undirskrift sinni og skuggamynd. Fjórir ungir leikarar lásu einnig upp sögur þolenda frá Filippseyjum, Mexíkó, Íran og Suður-Súdan þar sem lögregluofbeldi, dauðarefsing, barátta fyrir réttindum kvenna og loftslagsréttlæti komu við sögu. Þá setti stórleikkonan Nanna Kristín Magnúsdóttir viðburðinn formlega. Gagnvirka ljósainnsetningin var síðan færð í Kringluna þar sem fólk gat lagt sitt lóð á vogarskálar mannréttindabaráttunnar í rúmar tvær vikur. Samtals söfnuðust rúmar **22.000** undirskriftir í Hörpu og Kringlunni en ætla má að sýnileiki samtakanna á ljósvaka- og samfélagsmiðlum, strætó og á Ledskiltum um allt höfuðborgarsvæðið hafi haft eitthvað að segja með árangur í undirskriftasöfnuninni.

Ungliðahreyfingin Íslandsdeildarinnar, ásamt ungliða- og aðgerðastýru Íslandsdeildarinnar stóðu fyrir ljóðakvöldi á Loft þann 26. nóvember þar sem níu ung ljóðskáld stigu fram og fluttu ljóð sín. Settur var upp bás tengdur herferðinni, athygli vakin á málunum og undirskriftum safnað á aðgerðakort.

Þá var bíósýning haldin á vegum Ungliðahreyfingarinnar einnig á Loft þar sem myndin *Before the Flood* var sýnd og undirskriftum safnað.

Þrír starfsmenn Íslandsdeildarinnar, ásamt ungliðum, stóðu fyrir hádegiskynningu á og undirskriftasöfnun vegna málanna tíu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar í lok nóvember, bæði í Ráðhúsi Reykjavíkur og á Höfðatorgi. Rúmlega 1000 undirskriftir söfnuðust á skömmum tíma.

Ákveðið var að hafa skrifstofu deildarinnar opna fyrir almenning þann 10. desember sem er alþjóðlegur mannréttindadagur en sá dagur bar upp á virkum degi. Undangengin ár hefur skrifstofan skipulagt viðburð í tengslum við herferðina á helgardögum en ekki á skrifstofutíma. Að vonum fækkaði gestum töluvert á milli ára en þar sem langflestir skrifa núorðið undir málin á netinu taldi deildin vert að reyna breytt fyrirkomulag.

**Karin, Una Lea, Anna Soffía og Ingvar Steinn, fulltrúar nemendaráðs Háteigsskóla, ásamt Völu Ósk Bergsveinsdóttur fræðslustjóra Íslandsdeildar Amnesty International.**

## LANDSBYGGÐIN Í SÓKN

Aldrei fyrr hafa jafn margir staðir á landinu verið skráðir til þátttöku í *Þitt nafn bjargar lífi* eins og á síðasta ári en einstaklingar og starfsfólk bókasafna á rúmlega 30 stöðum um land allt stóðu fyrir viðburðum til að vekja athygli á tíu málum þolenda mannréttindabrota og söfnuðu undirskriftum í þeirra þágu. Samhliða aukningu í fjölda staða á landsbyggðinni sem tóku þátt varð **25%** fjölgun á söfnun undirskrifta á prentuð aðgerðakort á milli ára. Flestar undirskriftir á aðgerðakort auk stuðningskveðja söfnuðust á Egilsstöðum eða **1.624** og á Akureyri söfnuðust **907** undirskriftir og kveðjur. Þá sló Bókasafn Grindavíkur met árið 2019 og safnaði **529** undirskriftum. Þrátt fyrir aukningu á milli ára á fysískum undirskriftum eru þær töluvert færri en árin þar á undan.

**Leikkonan Aldís Amah Hamilton les sögu Marinel frá Filippseyjum.**

## MANNRÉTTINDAFRAMHALDSSKÓLAR ÁRSINS

Í ár tóku **25** framhaldsskólar á landinu þátt í átakinu og söfnuðu samtals **8.497** undirskriftum. Kvennaskólinn í Reykjavík sigur úr býtum sem Mannréttindaframhaldsskóli ársins annað árið í röð en nemendur skólans söfnuðu flestum undirskriftum allra þátttökuskóla, alls **1.936**. Þá sigraði Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu í flokki flestra undirskrifta miðað við nemendafjölda en þar söfnuðu nemendur **673** undirskriftum.

## MANNRÉTTINDAGRUNNSKÓLAR ÁRSINS

Líkt og í fyrra tóku **sjö** grunnskólar víðsvegar á landinu þátt í keppni meðal grunnskóla en hún var nú haldin í annað sinn í núverandi mynd. Háteigsskóli fór með sigur af hólmi í annað sinn sem Mannréttindagrunnskóli ársins og safnaði **1.886** undirskriftum sem er hvorki meira né minna en 749 fleiri undirskriftir en nemendur þar söfnuðu í fyrra. Þá hlaut Alþjóðaskólinn á Íslandi einnig verðlaun annað árið í röð fyrir flestar undirskriftir miðað við nemendafjölda en skólinn safnaði að þessu sinni **1.425** undirskriftum, 854 fleiri undirskriftum en árið áður. Að auki skrifuðu nemendur Alþjóðaskólans **88** stuðningskveðjur til þolenda.

Elísabet Jökulsdóttir heldur eldræðu á viðurkenningarathöfn Sendifulltrúa samviskunnar í Bíó Paradís.

# AÐGERÐASTARF

Árið 2019 fór aðgerðastarf Íslandsdeildar Amnesty International fram í gegnum netákall, sms-aðgerðanet, með þátttöku í *Þitt nafn bjargar lífi* og þátttöku í starfi ungliðahreyfingarinnar. Með þessum mismunandi aðgerðaformum tekst deildinni að ná til fjölda fólks, félaga og almennings, uppfræða, efla og hvetja til þátttöku í baráttunni fyrir mannréttindum.

Í lok árs 2019 voru félagar í netákalli um **22.300** talsins og gripu þeir til aðgerða í **29** málum á árinu, **54.219** undirskriftir söfnuðust sem sendar voru stjórnvöldum víða um heim.

Skráðir félagar í sms-aðgerðanetið voru **10.249** í lok árs 2019 sem fengu **36** áköll send og söfnuðust **28.565** undirskriftir. Sms-aðgerðanetið samþættir aðgerðastarf og fjáröflunarstarf Íslandsdeildarinnar. Félagar í sms-aðgerðanetinu fá sendar upplýsingar um mál einstaklinga eða hópa sem sæta mannréttindabrotum og greiða 199 krónur fyrir hvert sms sem þeir fá sent. Sms-félagar svara ákallinu og nafn þeirra er þá skráð á undirskriftalista til viðkomandi stjórnvalda sem bera ábyrgð á brotunum.

Með þátttöku í *Þitt nafn bjargar lífi*, stærstu herferð Amnesty International ár hvert gefst fjölda fólks tækifæri á að taka þátt í aðgerðarstarfi samtakanna. Umfangsmikið kynningastarf fer fram í aðdraganda herferðarinnar í grunn- og framhaldsskólum í tengslum við skólakeppnina Mannréttindaskóli ársins og halda nemendur skólanna ásamt starfsfólki margs konar viðburði, fræða og kynna málin fyrir samnemendum sínum og hvetja þá til að grípa til aðgerða. Um allt land koma einstaklingar saman, skipuleggja og halda viðburði og undirskriftasafnanir og svara þannig ákalli og grípa til aðgerða í baráttunni gegn mannréttindabrotum.

GÓÐAR FRÉTTIR:

## TRANS KONA Í LEIT AÐ VERND Í BANDARÍKJUNUM LEYST ÚR HALDI

**Alejandra Barrera, trans kona, flúði ofbeldi frá El Salvador og sótti um alþjóðlega vernd í Bandaríkjunum og var þá sett í varðhald. Hún var leyst úr haldi í september 2019 eftir tæp tvö ár í varðhaldi. Lausn hennar er árangur margra aðila en ekki síst vegna stöðugs þrýstings Amnesty International. Netákallsfélagar kölluðu eftir lausn hennar í júlí 2018.**

GÓÐAR FRÉTTIR:

## BLAÐAKONA LEYST ÚR HALDI EFTIR AÐ ÁKÆRU FYRIR ÞUNGUNARROF

**Hajar Raissouni var handtekin í Marokkó í ágúst 2019 fyrir að hafa gengist undir þungunarrof. Grunur lék á að handtakan tengdist störfum hennar í blaðamennsku. Þrýstingur Amnesty International átti þátt í lausn hennar í okóber og ýtti undir umræðu um réttindi kvenna og tjáningarfrelsi í Marokkó. Íslandsdeildin vakti athygli á málinu í Netákallinu í september 2019.**

# UNGLIÐASTARF

Ungliðahreyfing Íslandsdeildar Amnesty International er félagsskapur ungra mannréttindasinna á aldrinum 14-25 ára. Hlutverk hreyfingarinnar er að vekja athygli á mannréttindum og mannréttindabrotum um heim allan í gegnum viðburði og aðgerðastarf. Í árslok 2019 voru um **170** ungir aðgerðasinnar skráðir í ungliðahreyfingu Íslandsdeildar Amnesty International um land allt. Alls stóð ungliðahreyfingin fyrir **22** aðgerðum og viðburðum víða um land og söfnuðu **7.988** undirskriftum.

Skólahópar stóðu fyrir **níu** aðgerðum og söfnuðu í öllum tilvikum undirskriftum fyrir málin í *Þitt nafn bjargar lífi*. Ungliðar á Höfn í Hornafirði stóðu fyrir einni aðgerð í sumar og söfnuðu þar undirskriftum fyrir eitt mál. Ungliðar á höfuðborgarsvæðinu stóðu fyrir **átta** aðgerðum og undirskriftum safnað fyrir **19** mismunandi mál.

## AÐGERÐIR OG VIÐBURÐIR

Aðgerðirnar og viðburðir ársins 2019 voru af ýmsum toga. Má þar nefna Humarhátíð á Höfn, Reykjavík Pride og Druslugönguna í Reykjavík og á Akureyri. Auk þess var vakin athygli á stöðu pyndinga í heiminum á alþjóðlegum degi til stuðnings þolendum pyndinga með samfélagsmiðlaaðgerð og á alþjóðlegum degi flóttamanna fóru ungliðar út á götu í Reykjavík með aðgerð.

Hreyfingin bauð tvisvar í bíó á árinu. Fyrst á Valentínusardaginn um miðjan febrúar í Bíó Paradís á bresku myndina *Pride* og safnaði um leið undirskriftum fyrir mál hinsegin fólks í Tétsníu. Í nóvember var svo boðið á sýningu bandarísku heimildarmyndarinnar *Before the flood* á Loft og vakin athygli á málunum í *Þitt nafn bjargar lífi*. Auk þess stóð ungliðahreyfingin fyrir ljóðakvöldi einnig á Loft í tengslum við *Þitt nafn bjargar lífi* í lok nóvember.

Háskólafélag Amnesty hélt vel heppnaða fjögurra daga mannréttindaviku innan Háskóla Íslands í mars þar sem hver dagur hafði þema og mál til undirskriftar. Viðburðir á þemadögunum voru pallborðsumræður um fjölmiðlafrelsi, reynslusögur flóttafólks, kynning á skýrslu Íslandsdeildarinnar um málefni intersex fólks á Íslandi og barsvar í samstarfi við Q-félag HÍ.

Um mitt sumar var svo í fyrsta skipti haldið svokallað Sendiráðshlaup þar sem félagar í Amnesty og aðrir gátu skráð sig til leiks í 5 km hlaupi á milli fimm sendiráða í Reykjavík. Hlaupið var í bandaríska, rússneska, indverska, danska og kínverska sendiráðið og skrifað undir mál tengt viðkomandi landi við hvert sendiráð. Viðburðurinn mældist vel fyrir hjá þátttakendum og ungliðum og verður án efa framkvæmdur aftur.

## SENDIFULLTRÚI SAMVISKUNNAR

Ár hvert veitir Amnesty International einstaklingi eða hópi viðurkenninguna Sendifulltrúi samviskunnar (e. Ambassador of conscience) fyrir að starfa í þágu mannréttinda eftir eigin samvisku. Í ár var það hin sænska Greta Thunberg og hreyfing loftslagsverkfalla skólabarna sem hlaut viðurkenninguna við hátíðlega athöfn í New York. Landsdeildir Amnesty International voru á sama tíma hvattar til að veita því unga fólki

Hlauparar hita upp fyrir sendiráðshlaupið.

Íslenski hópurinn á Nordic Youth Conference í Stokkhólmi.

sem staðið hafði fyrir vitundarvakningu um loftslagsvánna viðurkenningu í hverju landi fyrir sig. Íslandsdeildin veitti fulltrúum fjögurra félaga sem staðið höfðu fyrir loftslagsverkföllum á Austurvelli viðurkenninguna við hátíðlega athöfn í Bíó Paradís í september. Það voru fulltrúar frá Stúdentaráði Háskóla Íslands, Ungum umhverfissinnum, Landssamtökum íslenskra stúdenta og Sambandi íslenskra framhaldsskólanema sem veittu viðurkenningunni móttöku. Elísabet Jökulsdóttir hélt erindi við tilefnið og GDRN og Flóni stigu á stokk.

## ERLENT SAMSTARF OG MIKILVÆGI ÞÁTTTÖKU

Landsfundur ungliðahreyfingarinnar var með glæsilegra móti með fræðslum, erindum og heimsóknum. Mona Elfareh, ungur aðgerðasinni frá Noregi var gestur á fundinum og sagði frá aðgerðarstarfi norskra ungmenna í áhrifaríku erindi. Ákveðið var að fækka fulltrúm í stjórn ungliðahreyfingarinnar og var kosin fimm manna stjórn í stað sjö manna. Fulltrúar í stjórn hreyfingarinnar hafa verið drifkraftur í skipulagi, framkvæmd og hvatningu til annarra meðlima til þátttöku og á hún mikið hrós skilið.

Þátttakendur í starfi ungliðahreyfingarinnar eiga ár hvert kost á að taka þátt í starfi Amnesty International á alþjóðavettvangi. Árið 2019 tóku tveir reyndir ungliðar þátt í European Youth Meeting sem haldinn var í Brussel um miðjan júlí og í lok júlí hélt svo hópur tíu ungliða ásamt ungliða- og aðgerðastýru til Stokkhólms þar sem Nordic Youth Conference var haldin.

Ungir aðgerðasinnar gegna mikilvægu hlutverki í starfi Amnesty International um víða veröld og eru oft virkustu félagarnir, sýna ótrúlega sköpunargáfu og dugnað í því sem þeir taka sér fyrir hendur í aðgerðastarfi, fræðslu og viðburðum. Eldmóður og elja einkenna allt starf og þátttöku allra sem koma að ungliðahreyfingunni þar sem brennandi áhugi á mannréttindum og bættum heimi er aðaleldsneyti þátttakenda.

Þátttakendur á námskeiðinu Mannréttindi rýnd til gagns, sem Íslandsdeild Amnesty International stóð fyrir í ágúst 2019, komu víða að af landinu.

# MANNRÉTTINDAFRÆÐSLA

Fræðsluárið 2019 var heldur betur viðburðaríkt hjá Íslandsdeild Amnesty International. Haldnar voru **92** fræðslur fyrir hvorki meira né minna en **2437** einstaklinga um land allt sem er **29%** aukning frá því í fyrra. Farið var í fræðsluferðir á Norðurland, Austurland og Suðurland auk fjölda heimsókna um höfuðborgarsvæðið og nágrenni. Annað árið í röð heimsóttum við Akureyri og nágrenni og þá fórum við í fyrsta sinn um Austurland. Í þessum tveimur ferðum heimsóttum við 21 grunn- og framhaldsskóla og hittum í kringum 880 nemendur. Við sjáum fram á að heimsóknir sem þessar, í dreifbýlið, séu komnar til að vera og stefnt er að því að bæta við heimsókn á Vestfirði árið 2020.

Íslandsdeildin stóð fyrir þriggja daga námskeiðinu *Mannréttindi rýnd til gagns: Orðræða og framkvæmd* fyrir grunn- og framhaldsskólakennara í ágúst 2019 en Sue Gollifer aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, sem hefur langa reynslu af mannréttindum og menntun, leiddi námskeiðið. Markmiðið var að veita kennurum tækifæri til að eiga gagnrýnið samtal um mannréttindi og mannréttindafræðslu í formlegu námi og miðaði að því að kynna kennurum fræði og framkvæmd mannréttindafræðslu. Unnið var með fræðileg viðmið og ramma, rannsóknir og þá aðallega reynslu þátttakenda sjálfra. Markmiðið var að mynda tengsl á milli orðræðu um mannréttindi, þá sérstaklega í tengslum við aðalnámskrá, og kennsluaðferða þátttakenda. Tólf grunn- og framhaldsskólakennarar víða að af landinu sóttu námskeiðið sem heppnaðist einkar vel. Stefnt er að því að halda annað slíkt námskeið í náinni framtíð.

Gefið var út kennsluefni samhliða herferðinni *Þitt nafn bjargar lífi* fyrir grunn- og framhaldsskóla. Kennsluefnið samanstóð af verkefnum tengdum fjórum málum þar sem mannréttindi voru skoðuð og nemendum gefið tækifæri til að kafa dýpra í heim mannréttinda og grípa til aðgerða. Áhugi kennara á kennsluefninu eykst ár frá ári en kennsluefnið var nú gefið út í þriðja sinn.

# LIFANDI BÓKASAFN

Sayed Khanoghli (lifandi bók) frá Afganistan segir gestum (lesendum lifandi bókasafns) sögu sína.

Á lifandi bókasafni eru bækurnar lifandi manneskjur sem setjast niður með áhugasömum „lesendum“ og segja sögu sína. Ljósmynd: Juanjo Ivaldi Zaldívar

Tvö lifandi bókasöfn voru haldin á vegum Íslandsdeildarinnar undir lok árs 2019. Á lifandi bóksafni eru bækurnar lifandi manneskjur sem setjast niður með áhugasömum „lesendum“, segja sögu sína, svara spurningum og spjalla.

Fyrsta lifandi bókasafnið var haldið á Loft í Reykjavík þann 26. nóvember 2019. Þar sögðu sögu sína þrjár lifandi bækur en sögurnar fjölluðu um fólk á flótta og stöðu kvenna í Afganistan, aðgerðasinna og aðstæður á Filippseyjum og málefni trans fólks á Íslandi. Vel tókst til, gestir voru hæstánægðir með þennan skemmtilega viðburð og margir sögðust hafa lært heilmikið.

Þá héldu ungliðar Amnesty International lifandi bókasafn í Menningarmiðstöð Hornafjarðar 18. desember. Þar gátu lesendur sest niður með sex lifandi bókum af ýmsum þjóðernum, aldri og með fjölbreytta reynslu.

Stefnt er að því að halda fleiri lifandi bókasafnsviðburði árið 2020 í samvinnu við skóla, hefðbundin bókasöfn og fleiri.

GÓÐAR FRÉTTIR:

## TVEIR BLAÐAMENN NÁÐAÐIR Í MYANMAR

**„Ég vil þakka öllum sem kölluðu eftir lausn okkar viðsvegar að úr heiminum. Ég get ekki beðið eftir því að fara aftur á fréttastofuna,“ segir Wa Lone, annar blaðamannanna sem voru náðaðir í Myanmar eftir að hafa verið dæmdir vegna rannsóknar þeirra á fjöldamorði á Róhingjum. Þeir afplánuðu 500 daga af sjö ára dómi. Málið var í SMS-aðgerðanetinu sumarið 2018.**

# FJÖLMIÐLAR OG SAMSKIPTI

Umfjöllun í fjölmiðlum um mannréttindi og baráttumál Amnesty International var töluverð líkt og fyrri ár. Helst var minnst á Amnesty International í umfjöllunum tengdum herferðinni *Þitt nafn bjargar lífi* 2019, ungliðastarfinu, dauðarefsingunni og loftslagsverkföllum.

Síðastliðið ár hefur deildin verið virk á samfélagsmiðlum og heldur uppi síðum á Facebook, Instagram, Twitter og Youtube. Á Facebook eru fylgjendur **20.623** og nýtir deildin síðuna nánast daglega til að miðla upplýsingum til almennings. Fylgjendum deildarinnar á Instagram fer fjölgandi og eru þeir nú **1.095**.

Herferðin *Þitt nafn bjargar lífi* var áberandi á fjölmörgum miðlum. Fréttamiðlar fjölluðu mikið um herferðina og málin ásamt því að gagnvirk ljósainnsetning og auglýsingar á strætó vöktu mikla lukku almennings og fjölmiðla. Á samfélagsmiðlum náðu auglýsingar herferðarinnar til rúmlega **100 þúsund** manns.

Tæplega **44 þúsund** manns heimsóttu vefsíðuna www.amnesty.is á árinu miðað við 25 þúsund árið áður. Heimsóknir á undirsíður vefsíðunnar voru að meðaltali rúmlega sex þúsund á mánuði árið 2019, helmingi fleiri en árið 2018.

## SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

Íslandsdeild Amnesty International hefur átt í talsverðum samskiptum við íslensk stjórnvöld í tengslum við helstu verkefni þessa starfsárs sem og setu Íslands í Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Þannig átti deildin í töluverðum samskiptum við stjórnvöld vegna verkefnis Íslandsdeildarinnar um stöðu trans og intersex fólks en einnig móttöku flóttafólks. Þá fundaði deildin reglulega með stjórnvöldum vegna setu Íslands í Mannréttindaráðinu og hvatti stjórnvöld til dáða, sér lagi í málefnum Filippseyja og Sádi-Arabíu. Þá var Kumi Naidoo fyrrum aðalframkvæmdastjóri Amnesty International staddur hér á landi síðastliðið sumar og hitti hann meðal annarra Guðlaug Þór Þórðarson utanríkisráðherra, ásamt Björgu Maríu Oddsdóttur formanni Íslandsdeildar Amnesty International og Önnu Lúðvíksdóttur framkvæmdastjóra deildarinnar, og ræddi setu Íslands í ráðinu. Þá má einnig nefna komu Kevin Whelan, starfsmanns Amnesty International í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, hingað til lands í desember síðastliðinn. Whelan tók þátt í málþingi á vegum utanríkisráðuneytisins og annarra aðila um hlutverk smærri ríkja í mannréttindaráðinu og baráttunni fyrir mannréttindum á heimsvísu. Whelan hélt því fram að ekkert ríki í mannréttindaráðinu gæti kallast „smáríki“ en Íslandsdeildin birti einnig grein Whelan um málið sem nálgast má á vefsíðu deildarinnar: **https://amnesty.is/frettir/um-mannrettindarad-sth-og-hugtakid-smariki**

**Frá vinstri Anna Lúðvíksdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International, Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra, Kumi Naidoo, þáverandi aðalframkvæmdastjóri Amnesty International, og Björg María Oddsdóttir, formaður Íslandsdeildar Amnesty International.**

**GÓÐAR FRÉTTIR:**

### BREYTING Á LÖGUM UM NAUÐGUN

**Ný lög í Grikklandi kveða á um að kynlíf án samþykkis er nauðgun. Danmörk hefur skuldbundið sig til að feta í sömu fótspor. Ísland var fyrst Norðurlandanna til að breyta lögunum á þessa leið. Amnesty International gaf út skýrslu um stöðu mála í Danmörku og þrýstu Netákallsfélagar á dönsk stjórnvöld að gera breytingar.**

**GÓÐAR FRÉTTIR:**

### GOOGLE HÆTTIR VIÐ LEYNILEGT VERKEFNI FYRIR KÍNA

**Í áheyrn bandarískra þingsins staðfesti framkvæmdastjóri Google að fyrirtækið hefði hætt við Dragonfly, leynilegt verkefni til að þróa leitarvél sem myndi auðvelda kínverskum stjórnvöldum strangt eftirlit og ritskoðun á netinu. Amnesty International ásamt fjölda starfsfólks Google kallaði eftir því að hætt yrði við verkefnið. Málið var í Netákallinu.**

# FJÁRÖFLUN

Í fjáröflunarstefnu Íslandsdeildar Amnesty International hefur lengi vel verið lögð áhersla á að félagar deildarinnar styðji við starfið með lágum mánaðarlegum upphæðum til að tryggja hlutleysi deildarinnar. Til þess að tryggja sjálfbærni samtakanna til lengri tíma þarf deildin að vera opin fyrir nýjum fjáröflunarleiðum ásamt því að nýta tækni og utanaðkomandi þekkingu til þess að auka skilvirkni fyrir eldri tekjuleiðir. Í lok árs voru tvær nýjar leiðir í fjáröflun samþykktar af stjórn, erfðagjafir og ráðgjafahópur. Stefnan er að ráðgjafahópur, sem samanstendur af fimm einstaklingum til þriggja ára sem styrkja samtökin um tiltölulega háar upphæðir, verði myndaður á árinu 2020 og að greiðslur berist fyrst árið 2021. Tekin var ákvörðun um að taka þátt í erfðagjafaverkefni árið 2020 sem sjö félög á Íslandi fóru á stað með í september 2019 í þeim tilgangi að kynna erfðagjafir og vekja athygli á þessum möguleika.

## ÚTHÝSING FÉLAGAÖFLUNAR

Á síðasta ári var tekin sú ákvörðun að úthýsa símaverinu til Miðlunar, fyrirtækis sem býr yfir sérhæfði reynslu í slíku, og hefur það verkefni gengið vonum framar. Kostnaður er árangurstengdur og var tekin sú ákvörðun á árinu að leggja hærri upphæð í verkefnið vegna góðs árangurs og aukinna tekna þegar til lengri tíma er litið. **926** nýir eða endurvirktir félagar bættust í hópinn og meðalframlag var rétt um 1.500 krónur. **710** félagar hækkuðu framlag sitt um að meðaltali 800 krónur á mánuði. Tekjur á ársgrundvelli úr símaverkefnum voru um 23 milljónir en kostnaður á árinu var 14,6 milljónir.

Í ár var svo ákveðið að úthýsa sumarstarfinu Frá augliti til auglits í fyrsta sinn, einnig hjá Miðlun. Það verkefni gekk ekki eins vel en þó söfnuðust **228** nýir félagar. Meðalframlag var rétt rúmlega 1.500 krónur og því tekjur á ársgrundvelli í kringum 4,2 milljónir en kostnaður 4,8 milljónir.

## VÖRUSALA

Alltaf er að bætast í vöruúrvalið okkar og í ár var ákveðið að framleiða sokka til sölu fyrir jólin. Salan á FYRIR AMNESTY sokkunum gekk einstaklega vel og seldust rétt rúmlega 1.400 pör, á vefsíðu samtakanna, í verslunum og til fyrirtækja.

Tekjur voru um fjórar milljónir og kostnaður við framleiðslu og auglýsingar um 700 þúsund en hönnun, ljósmyndun og önnur vinna var unnin að kostnaðarlausu. Íslandsdeild Amnesty International vill þakka hönnuðunum Eygló, Sævari Markúsi og Hildi Yeoman ásamt ljósmyndaranum Rafael Pinho sérstaklega fyrir framlag sitt.

Listaverkið á jólakortinu í ár var eftir Erlu Björk og verkefnið unnið í samstarfi við List án Landamæra. Einnig voru seld jólakort fyrri ára en samtals seldust í kringum 500 pakkar, þar af 380 pakkar í Pennanum. Tekjur námu um einni milljón króna.

Vefverslun hefur gengið vonum framar eftir að ný vefsíða fór í loftið en tekjur í nóvember og desember voru ein milljón miðað við tæpar 1,4 milljónir allt árið 2018 þá allra helst vegna sokkanna FYRIR AMNESTY.

## SMS-AÐGERÐANETIÐ

Árstekjur úr sms-aðgerðanetinu voru 67,3 milljónir og viljum við þakka Símanum kærlega fyrir stuðninginn við þessa einstöku aðgerða- og fjáröflunarleið.

## STAKIR STYRKIR

Rúmlega 140.000 krónur söfnuðust í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka árið 2019, tæpar 100 þúsund krónur söfnuðust á vefsíðunni og rúmlega 800 þúsund krónur í herferðinni 12 stig fyrir mannréttindi í kringum Eurovision þar sem vakin var athygli á ástandinu í Palestínu og Ísrael.

# HELSTU TEKJUR OG GJÖLD

## TEKJUR

| | |
|---|---|
| Framlög félagsmanna | 95.834.824 |
| Framlög frá almenning | 297.921 |
| Framlög frá fyrirtækjum | 50.000 |
| Ákall SMS | 67.324.769 |
| Annar söluvarningur | 5.940.180 |
| Vaxtatekjur | 2.716.548 |
| **Samtals** | **172.164.242** |

## ÚTGJÖLD

| | |
|---|---|
| Fjáröflunarkostnaður | 32.468.597 |
| Alþjóða- og mannréttindastarf | 88.350.776 |
| Skrifstofu- og rekstrarkostnaður | 39.416.853 |
| Húsnæðiskostnaður | 1.864.704 |
| **Samtals** | **162.100.930** |

# VERSLAÐU Á WWW.AMNESTY.IS OG STYRKTU MANNRÉTTINDABARÁTTUNA

## VEFMYNDAVÉLAHULA

Hulan hylur myndavélina þína þegar hún er ekki í notkun. Virkar á snjallsíma, fartölvur og spjaldtölvur.

## VIÐ ERUM ÖLL FÆDD FRJÁLS

Í þessari einstöku bók er mannréttinda yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna sett fram í skýru og einföldu máli.

## GJAFABRÉF

Gjafabréfin okkar eru tilvalin gjöf til þeirra sem eiga allt.

## VONARLJÓS

Fallegar barmnælur með kennimerki Amnesty International, logandi kerti sem umvafið er gaddavír.

**Allur ágóði rennur óskiptur til mannréttindastarfs Íslandsdeildarinnar**

**WWW.AMNESTY.IS**

AMNESTY INTERNATIONAL